

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988-2008.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Gerðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 11. maí 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps sem staðfest var 23. janúar 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að vegtening að íbúðarhúsinu Jaðri færðist vestur fyrir lóðarmörk Gerðavegar 31.

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 24. maí 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um símatorgspjónustu, nr. 419/1992.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Upplýsingaveitanda er aðeins heimilt að miðla upplýsingum á símatorgi með sjálfvirkri svörun.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Leikir og tenging tveggja notenda á símatorgi er einungis leyfileg að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunar. Samtenging fleiri en tveggja símnótenda á símatorgi er ekki heimil.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. nr. 32/1993 og lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. maí 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.